

Alþingi
Erindi nr. P 130/139
komudagur 17.11.2003



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. nóvember 2003

Efni: Tillaga til þingsályktunar um raforkukostnað fyrirtækja, 8. mál.

Samtök iðnaðarins sjá ekki að samþykkt þessarar þingsályktunartillögu þjóni nokkrum tilgangi.

Í greinargerðinni með ályktuninni kemur skýrt fram að fyrir liggur að raforkuverð er mismunandi eftir orkuveitum. Þann þátt þarf því ekki að kanna.

Raforkuverð er vissulega einn þáttur í rekstrarkostnaði fyrirtækja og í mörgum tilvikum snar þáttur. Allur mismunur í kostnaði leiðir auðvitað til mismunandi rekstrarkostnaðar fyrirtækja. Það er hins vegar mjög vafasamt að taka einn þátt út úr heildarmyndinni og dæma um samkeppnisstöðu eins og hér er lagt til.

Samkvæmt raforkulögum er að störfum 19 manna nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins sem hefur það verkefni að fjalla um flutning á rafmagni þ.m.t hugsanlega jöfnun á flutningskostnaði.

Samtök iðnaðarins vilja taka skýrt fram að þótt þau sjái ekki tilgang með þessari þingsályktunartillögu telja þau mikilvægt að leita allra leiða til þess að tryggja íslenskum iðnfyrirtækjum orkuverð sem er eins lágt og kostur er og stenst samanburð við okkar helstu samkeppnislönd.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri